

149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 1060 — 647. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp.

Ólafur I. Sigurgeirsson, Lektor í fiskeldi við Háskólann á Hólum.

1. gr.- b. töluliður 1. „Áhættumat erfðablöndunar: Mat á því magni frjórna eldislaxa sem strjúka úr eldi í sjó og vænta má að komi í ár þar sem villta laxastofna er að finna og þar sem metið er hvenær erfðablöndun eldislax við villta nytjastofna, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, verði það mikil að stofngerð villta stofnsins stafi hætta af“.

Athugasemd: Eðlilegra virðist að leggja mat á fjölda frjórna eldislaxa en ekki magn. Þó getur magnið raunar skipt máli enda er frjósemi laxahrygna, hrognastærð og líkleg lifun afkvæma tengd stærð þeirra. Af veiddum eldislaxum í íslenskum ám síðastliðið sumar (2018) var einn geldfiskur. Þó hann hafi að líkindum verið frjór var hann ekki líklegur til æxlunar sama haustið. Óljóst er hvernig á að meta áhrif slíkra viðburða í áhættumatinu.

7. grein. „Hafrannsóknastofnun gerir tillögu til ráðherra um það magn frjórna laxa, mælt í lífmassa, sem heimila skal að ala í sjó hverju sinni á tilteknu hafsvæði á grundvelli áhættumats erfðablöndunar. Með áhættumatinu er mæld áhætta af erfðablöndun frjórna eldislaxa við villta laxastofna miðað við magn frjórna eldislaxa á tilteknu hafsvæði. Markmið þessa er að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum af erfðablöndun eldislaxa við nytjastofna villtra laxa“.

Athugasemd. Áhættumatslíkanið, eins og það liggur fyrir, getur ekki mælt áhættu erfðablöndunar eldislaxa við villta laxa. Nokkrar athugasemdir hafa þegar verið gerðar við það og forsendur þess á samráðsgátt stjórnvalda ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256)) og í tveimur greinum sem birtust í Kjarnanum (við útkomu áhættumatsins sumarið 2017; <https://kiarninn.is/skodun/2017-09-04-um-ahaettumat-vegna-mogulegrar-erfdablondunar-milli-eldislaxa-og-natturulegra-laxastofna-islandi/> og eftir svör Hafrannsóknarstofnunar (<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/voktun-veidiao-ekki-birt/frettir/svor-vid-athugasemdum-er-luta-ad-ahaettumati>) við athugasemdum á samráðsgáttinni (<https://kiarninn.is/skodun/2019-03-15-enn-um-ahaettumat-hafrannsoknarstofnunarinnar-vegna-laxeldis-i-kvium/>).

Reglugerð er í gildi um lokun strandsvæða fyrir kvíaeldi á frjóum laxi. Unnið hefur verið samkvæmt því við núverandi uppbyggingu. Í raun er áhættumatið óþarft, og gerir eiginlega illt verra vegna rangra forsendna sem settar eru inn í líkanið (eins og rakið er í áður nefndum greinum). Í stað þess að stunda líkanasmíð og reikningskúntir er eðlilegra að byggja á eftirliti, vöktun, mælingum og styðjast við rauntölur. Það á t.d. við um fjölda fiska sem sleppa (uppgefinn fjöldi fiskeldisstöðvar margfaldaður með stuðli sem fæst af fráviki frá fjölda fiska sem settir voru í kví og komu upp úr kví að frádregnum afföllum). Einnig um vöktun og talningu/veiði eldisfiska í ám (sérstaklega í ám í Ísafjarðardjúpi og í Breiðdalsá), mæling á hrygningarárangri, og árgöngum seiða af hreinum eða blönduðum

eldisuppruna. Hlutfalli eldisseiða eða blendinga við villt seiði. Einnig þarf að vakta ár með mikla seiðaframleiðslu. Þar með fæst raunverulegt áhættumat.

Í greinargerð (3.1) segir að áhættumatið geri ráð fyrir að um óafturkræfan skaða getir orðið að ræða ef fjöldi eldislaxa fari yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Sennilega er átt við ef 4% físk af heildar hrygningarstofni ár sé af eldisuppruna verði erfðablöndun óafturkræf. Það er æði þunglyndisleg fullyrðing sem ekki stenst og þarf nánari útlistun og rökstuðning.

8. grein. Ástæður þess að 30% eiginfjár er krafist við uppbyggingu þessarar atvinnugreinar þarf að skýra nánar. Er það í samræmi við kröfur sem gerðar eru um annan atvinnurekstur?

19. gr. a. „Hafrannsóknastofnun getur, ein eða í samvinnu við aðra, stundað tímabundnar rannsóknir í fiskveiðilandhelgi Íslands á eldi lagardýra, eldisaðferðum, atferli eldisfískis, mannvirkjum, búnaði og heilbrigði lagardýra“ Einnig umfjöllun 6.1.3. í greinargerð.

Athugasemd.

Ber að skilja þetta svo að Hafrannsóknarstofnun sé einni (að vísu mögulega í samvinnu við aðra) ætlað að stunda rannsóknir á eldi lagardýra við Ísland? Hvers vegna er það? Hefur Hafrannsóknarstofnun forsendur umfram aðra til að skipuleggja og framkvæma allar rannsóknir á lagardýrum? Er henni einni treystandi til að stunda slíkar rannsóknir? Er þörf fyrir að setja í lög að Hafrannsóknarstofnun geti stundað tímabundnar rannsóknir?

Í greinargerð (liður 6.1.3.) er fjallað um auknar rannsóknir og vöktun umhverfis og lífríkis á ám og nánasta umhverfi eldissvæða. Í nágrannalöndum okkar og víðar er slík vöktun ekki endilega framkvæmd af hafrannsóknarstofnun, heldur annara smærri stofnana, einkafyrirtækja eða verktaka. Því á það ekki einnig við héraðs? Er slík vöktun t.d. ekki tilvalið verkefni náttúrustofa? Hér hefur einkaaðilum þó verið treyst fyrir rannsóknum vegna umhverfismats!

19. gr. b. „Upplýsingar um slysasleppingar og tilkynningarskylda sjúkdóma, svo sem um laxalús, dauða eldisdýra eða slæma meðferð á eldisdýri, skal Matvælastofnun birta opinberlega þegar slíks verður vart“.

Athugasemd. Söfnun, úrvinnsla og birting gagna um framvindu (vöxt, slysasleppingar), heilsufar og dánartíðni í matvælaframleiðslu er jákvæð. Hinsvegar hlýtur að þurfa að gæta jafnræðis milli framleiðslugreina og gæta að persónuvernd. Mat á hvort t.d. dánartíðni er há eða lág (eða ef hægt er að segja ásættanleg eða óviðunandi) getur verið vandasamt. Þar þarf m.a. að taka tillit til frjósemi dýrategunda, fæðingarþyngd (þyngd hvers stigs framleiðslunnar) og framleiðslutíma. Hver sker úr?

Í lagafrumvarpinu er ekki vikið einu orði að menntun sem tengist fiskeldi né styrkingu hennar. Æ hvað það er dapurleg framtíðarsýn.

Ólafur I. Sigurgeirsson (301064-3499)